

18. janúar, 2010

Kæru foreldrar,

Nú er ART (Aggression Replacement Training) námskeið að hefjast. Næstu mánuði munu þátttakendurnir að læra eftirfarandi *félagsfærni*, auk þess að læra *reiðistjórnun* og *eflingu siðgæðisþroska*:

1. Að hrósa
2. Að hlusta
3. Að biðja um hjálp
4. Að spyrja spurningar
5. Að biðjast afsökunar
6. Að þakka fyrir sig
7. Að höndla þrýsting jafningja
8. Að biðja um leyfi
9. Að bregðast við sannfæringu annars
10. Að bregðast við ásökun frá öðrum

Þegar börnin útskrifast úr ART námskeiði verður viðurkenningarafhending. Meðan þau taka þátt fá börnin hvatningarverðlaun frá ýmsum fyrirtækjum sem styðja ART starfsemi. Þau fá að draga verðlaunamiða í hvert sinn er þau klára 3 ART tíma.

Stuðningur og áhugi foreldra er mikilvægur í ART. Það væri mikill stuðningur að spyrja t.d. hvað barnið er búíð að læra í ART í dag, hrósa barninu fyrir að sýna félagsfærni eða reiðistjórnun, eða pæla í flóknum siðferðilegum klípum.

Við sendum ykkur af og til upplýsingar um hvað er að gerast í ART.

Bestu kveðjur,

Guy Stewart

f.h. ART teymis